



HAFNARFJÖRÐUR

Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025
Færsla Hamraneslínu 1&2
Skipulags- og matslýsing



1. desember 2022

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt FÍLA

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2



HAFNARFJÖRÐUR

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI SAMKVÆMT 30. GREINAR SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

2 Staðhættir

3 Skipulagsleg staða

Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025

Deiliskipulag

4 Mat á umhverfisþáttum

5 Skipulagsferli

6 Kynning og samráð



1. Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 26. október 2022 var samþykkt að hefja skipulagsvinnu vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 varðandi það að setja Hamraneslínu í jörð.

Í samræmi við skipulagsreglugerð nr 90/2013 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar, aðalskipulagsbreytingar í þessu tilfelli, taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Í skipulagslýsingu þessari er gerð grein fyrir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna færslu á háspennulínu, jarðstreng. Einnig verður gert grein fyrir framkvæmdinni sem slíkri, helgunarsvæðum og samhengi við aðrar áætlanir, helstu forsendum og umhverfisþáttum.

Lýsing er gerð til þess að almenningur, umsagnaraðilar og hagsmunaaðilar fái upplýsingar um fyrirhugaða skipulagsvinnu og geti sett fram sjónarmið, athugasemdir og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Að setja þessa línu í jörð er forsenda þeirrar byggðaþróunar sem á sér stað í bænum.

Landsnet, sem rekur flutningskerfi raforku á svæðinu, hefur í samráði við Hafnarfjarðarbæ lagt fram áætlun um lagningu jarðstrengs Hamraneslínu 1 og 2 eins og fram kemur í skýringamyndum.

Í upphaf þessarar vinnu voru 3 leiðir skoðaðar og gerð var tafla til að bera saman kosti og galla þessara 3 leiða og var niðurstaðan að fara með leiðina eins og skýringarmynd nr. 1 sýnir.

Breytingin verður sett fram á breytingablaði ásamt greinagerð.

2. Staðhættir

Hið nýja línustæði kemur inní bæinn austan úr Garðabæ, í gegnum hverfisverndað svæði í Gráhelluhrauni. Hún liggur til austurs, þræðir sig í gegnum reiðstíga sunnan Bleiksteinsháls og fer um lága grágrýtishása sem þaktir eru lúpínubreiðum.

Flákinn er hluti af svokölluði Reykjavíkurgrágrýti sem þekur mestan hluta yfirborðs alls höfuðborgarsvæðisins.

Þegar reiðleiðinni sleppir fylgir lúpínubreiðu til vesturs og teygir sig í átt að gamla Hamranestippnum og fylgir vegstæðinu sem þar er og tengist um þann veg niður að Hvaleyrarvatnsvegi og þaðan í tengivirkioð.



3. Fyrirhuguð framkvæmd

Landsnet hefur lengi haft í skoðun og undirbúningi hvernig framtíðar fyrirkomulag raforkumannvirkja sé best fyrirkomið í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Þörf á breytingum hefur verið fyrirsjáanleg um nokkurn tíma og kemur til af þörf á að styrkja flutningskerfi raforku vegna breyttrar flutningsþarf. Þessi áform fara saman við áform sveitarfélaganna á svæðinu um byggðaþróun og uppbyggingu innan viðkomandi sveitarfélaga.

Við leiðarval og samráð hefur komið skýrt fram sú áhersla sveitarfélaganna að setja háspennulínur í jörð, næst byggð á höfuðborgarsvæðinu, en þar liggja Hamraneslínur 1 og 2 um útvistar- og vatnsverndarsvæði í Heiðmörk og fyrirhugað byggingarsvæði.

Til að Hamraneslínur 1 og 2 hindri ekki frekari uppbyggingu Skarðshlíðarhverfis. Álandshverfis og Hamraness í Hafnarfirði hefur Landsnet, í samráði við Hafnafjarðarbæ, ákveðið að óska eftir að gerðar verði breytingar á skipulagsáætlunum sveitarfélagsins til þess að hægt sé að setja þessa línu í jörð.

Ljóst er að við að setja línu í jörð kallað sú aðgerð á talsvert rask á landi, og að hluta til á eldhrauni, sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.

Í þessu tilfelli færi strengurinn ofan í gömul vegstæði, reiðstíga og göngustíga en í fyrirhuguðu nýju deiliskipulagi fyrir Gráhelluhraun og breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði Sörla er gert ráð fyrir talsverðum breytingum hvað varðar aðskilnað göngu- og reiðleiða með tilheyrandi mannvirkjum. Lega þessa jarðstrengs væri gerð samhliða þessum framkvæmdum og myndi þá raskið vera í lágmarki. Lagnaleiðin er um 4 km.

Helgunarsvæði jarðstrengs skiptist í tvennt, öryggissvæði og athafnasvæði. Samhliða þarf að taka niður núverandi möstur.

Öryggissvæði:

Svæði næst jarðstreng til beggja átta,

Athafnasvæði:

Svæði, sem gera má ráð fyrir að verði fyrir röskun á framkvæmdatíma við lagningu strengs og í bilanatilvikum. Athafnasvæðið er jafn breitt svæði sitt hvorum megin við öryggissvæðið.

Öryggissvæði:

Byggingarbann gildir.

Öll röskun er óheimil að frátoldum efstu 30 cm á ræktuðu landbúnaðarlandi.

Hafa þarf samráð við Landsnet um lagningu hvers kyns lagna- eða vegslóða sem þvera strengleið.

Plöntun hvers kyns trjágróðurs er óheimil.

Rætur trjágróðurs mega ekki ná inn á svæðið.

Niðurrekstur girðingastaura er óheimill innan svæðis.



HAFNARFJÖRÐUR

Athafnasvæði:


Byggingarbann gildir.

Öll röskun lands að frátöldum efstu 30 cm á ræktuðu landbúnaðarlandi þarf að vera í samráði við Landsnet.

Þar sem girðingar þvera strengleiðina, eru girðingastaurar heimilir innan athafnasvæðisins í samráði við Landsnet.

Plöntun trjáplantna með djúpstæðar og/eða ágengar rætur er óheimil, t.d. aspir, greni, lerki og furur.

Aðgengi til viðgerða á strengnum þarf að vera tryggt en umferð tækja til viðgerða í bilanatilfellum er í samráði við landeigenda.



Mynd 3.5 Tvö strengsett með vinnuslóð á milli strengskurða



HAFNARFJÖRÐUR



Skýringarmynd nr. 1, rauð lína.

3. skipulagsleg staða

Það svæði sem breytingin nær til er sýnt á skýringarmynd 1. rauð lína. Landnotkunarflokkurinn verður jarðstrengur.

3.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 er gert ráð fyrir að Hamranelínur 1 & 2 verði fjarlægðar og Lyklafellslína komi í þeirra stað.

Þar er einnig nefnt að stefnt skuli að því að háspennulínum innan höfuðborgarsvæðisins verði ekki fjölgað og frekar skuli horfa til þess að leggja strengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu. Á svæðinu gilda ákvæði er varðar aðgengi að samfelldu útvistarsvæði ofan borgarbyggðarinnar.



HAFNARFJÖRÐUR

3.2. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 – 2025


Í kafla **2.2.25 Veitur** í aðalskipulaginu er m.a. eftirfarandi umfjöllun um flutningskerfi raforku:

Að og frá tengivirknu við Hamranes ganga eftirtaldar línur í eigu Landsnets. 220 Kv: Hamraneslínum 1 og 2 til austurs áleiðis að Geithálsi. Þær eru báðar á sömu möstrum og flytja í dag 2/3 þess afsl sem notað er í ÍSAL.


Þær verða rifnar á skipulagstímabilinu, og samkvæmt samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets verður niðurrifi þeirra lokið eigi síðar en 2020.

Deiliskipulag

Framkvæmdirnar fara um nokkur deiliskipulögð svæði (tafla 6.2). Deiliskipulagsbreytingar verða gerðar samhliða á breytingu á aðalskipulagi.



HAFNARFJÖRÐUR



Hluti af nágildandi aðalskipulag Hafnarfjarðar með öllum gildum breytingum.

4. Mat á umhverfisþáttum

Fjallað verður um áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Landsnet vinnur tilkynningu til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar og stefnt að því að síðan málsmeðferð geti hafist í byrjun desember 2022.



Umhverfismat

Framkvæmdin við breytingar á Hamraneslínnum fellur í flokk B og skal tilkynna hana til Skipulagsstofnun sem tekur ákvörðun um hvort hún skuli háð umhverfismati, sbr. 19. og 20. gr. og lið 13. 02 viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfismat áætlana

Breyting á aðalskipulagi vegna breytinga á Hamraneslínnum fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbærar verða unnar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og teknar fyrir í sveitarstjórn.

Umhverfismatsskýrsla

Unnin verður umhverfismat skipulagstillögunnar í samræmi við 9. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Það á einnig við um kynningu skýrslunnar fyrir almenningi og umsagnaraðilum.

Mikilvægir umhverfispættir

Áhrifaþættir eru þeir hlutar stefnunnar eða framkvæmdarinnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfispættir eru þeir þættir sem framkvæmdin eða stefnan getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka þau jákvæðu. Í eftirfarandi töflu er vinsun umhverfispáttá, þ.e. megin matsþættir og umhverfispættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna breytinga á stefnu í aðalskipulagi vegna Hamraneslína 1 og 2. Val umhverfispáttá byggir á fyrirliggjandi upplýsingum í ferlinu.

| Matsþáttur | Umhverfispættir | Skýringar |
|------------------------|-----------------------|---|
| Náttúrfarslegir þættir | Gróðurfar, jarðminjar | Vegna rasks á landi og áhrifa á jarðveg og gróið land vegna graftrar. |
| Ásýnd og landslag | Landslag | Breytingar á ásýnd lands á framkvæmdatímanum vegna rasks og á rekstrartíma vegna niðurrifs lína. |
| Heilsa og öryggi | Heilbrigði manna | Umfjöllun verður um raf – og segulsvið, sem gögn sína á þessu stigi að séu langt innan löggiltra viðmiða. |
| Landnýting | Landnýting | Vegna helgunarsvæðis raflína. |



HAFNARFJÖRÐUR

Aðferðir við umhverfismat

Við umhverfismat er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis, og upplýsingar sem aflað hefur verið við undirbúning framkvæmdarinnar, sem m.a. byggja á nýlegum rannsóknum sem Landsnet aflaði við undirbúning umhverfismats Lyklafellslínu 1.

Í eftifarandi töflum er gerð grein fyrir gögnum sem lögð verða til grundvallar, matssurningum og viðmiðum í matsvinnunni.

Með þessu er mótaður rammi um umfang umfjöllunar í umhverfisskýrslu og ítarleika umfjöllunar um umhverfisáhrif áætlunarinnar. Meginreglan er sú að matsvinnan byggi á fyrirliggjandi gögnum og áhersla er á að nýta landfræðileg gögn.

Lifríki

Matssurningar

Eru líkur á að breytingin fari um:

- Svæði á náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013?
- Svæði á náttúrumínjaskrá: Friðlýst svæði, fólkvangar, önnur svæði á náttúrumínjaskrá?
- Svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. (birkiskógar, mýrar og flóar stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur)?
- Vistkerfi sem hafa hátt/mjög hátt verndargildi eða á lista Bernarsamningsins?
- Grón svæði?

Fyrirliggjandi gögn

- Upplýsingar um afmörkun náttúruverndarsvæða frá Umhverfisstofnun: Friðlýst svæði, svæði á náttúrumínjaskrá, náttúruverndaráætlanir.
- Fyrirliggjandi upplýsingar um svæði sem falla undir 61. gr. náttúruverndaralaga.
- Vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- Tilkynning til Skipulagsstofnunar um breytingar á Hamraneslínnum.

Viðmið

- Náttúruverndaráætlun 2009-2013
 - Náttúruverndarlög nr. 60/2013
- Stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sbr. 2. gr.
- Sérstök verndun á jarðmyndum og vistkerfum skv. 61. grein.
- Náttúrumínjaskrá
- Verndarsvæði.



HAFNARFJÖRÐUR

Jarðminjar

Matsspurningar

- Eru líkur á að framkvæmdin fari um svæði þar sem eru merkar jarðminjar eða svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga? (Eldhraun, eldvörp, gervigígar, hraunhellar, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, virk ummyndun og útfellingar)

Fyrirliggjandi gögn

- Fyrirliggjandi upplýsingar um svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
- Upplýsingar um afmörkun náttúruverndarsvæða frá Umhverfisstofnun.
- Tilkynning til Skipulagsstofnunar um breytingar á Hamraneslínnum.

Viðmið

- Náttúruverndarlög nr. 60/2013 Verndarmarkmið fyrir jarðminjar sbr. 3. gr. Náttúruverndarsvæði vegna jarðminja og 61. gr. sérstök verndun jarðminja og vistkerfa.

Landnýting

Matsspurningar

- Má búast við að meira land fari undir flutningskerfi og öryggissvæði/helgunarsvæði þess en nú er?
- Má búast við að flutningskerfið fari um ræktað land t.d. skógrækt
-

Fyrirliggjandi gögn

- Núverandi meginflutningskerfi Landsnets, lengd og umfang helgunarsvæða.
- Gögn um fyrirhugað rasksvæði nýs strengs.
- Tilkynning til Skipulagsstofnunar um breytingar á Hamraneslínnum.

Viðmið

- Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019 Varanleg eyðing skóga að hluta eða í heild er óheimil
- Komi til varanlegrar eyðingar skal ráðast í mótvægisáðgerðir

Landslag og ásýnd

Matsspurningar

- Hvernig er landslag í námunda við fyrirhugaðar breytingar?
- Hvernig mun sýnileiki breytast.

Fyrirliggjandi gögn

- Tilkynning til Skipulagsstofnunar um breytingar á Hamraneslínnum og önnur fyrirliggjandi gögn sem unnin hafa verið við undirbúning Lyklafellslínuverkefnisins.

Viðmið

- Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku (26/148.)
- Landslagssamningur Evrópu

Heilsa

Matsspurningar

- Mun flutningskerfið fara nærrí þéttbýli? Eru líkur á að kerfið hafi áhrif á rafsegulsvið og hávaða nærrí byggð og útvistarsvæðum?

Fyrirliggjandi gögn

- Upplýsingar um rafsegulsvið: Landsnet, WHO, Geislavarnir ríkisins, skýrslur frá Geislavörnum Noregs um rafsegulsvið og flutningskerfi raforku.

Viðmið

- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Alþjóðleg viðmiðunarmörk vegna segulsviðs.



HAFNARFJÖRÐUR

Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort breytingar á Hamranelínunum 1 og 2 og núllvalkostar, og útfærslu í skipulagi styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Skilgreindar eru matssurningar til að greina hvort stefnan í aðalskipulagi styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

Vægiseinkunnir fyrir umhverfismat áætlunarinnar

| Verulega jákvæð (++) | Jákvæð (+) | Engin áhrif / á ekki við (0) |
|--|--|--|
| Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu. | Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið. | Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið. |
| Verulega neikvæð (- -) | Neikvæð (-) | Óveruleg (-/0, +/0) |
| Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu. | Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið. | Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin áhrif eða eiga ekki við. |

5. Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi breytingar á aðalskipulagi:

Desember 2022

Unnið að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við breytingu á aðalskipulagi. Eftir að skipulagslýsingin hefur verið afgreidd af skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn mun hún vera kynnt, auglýst og liggja frammi í þjónustuveri Hafnarfjarðar að Strandgötu 6, hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2 og á heimasíðu sveitarfélagsins: www.hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

Unnið að tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samstarfi við skipulags- og byggingarráð og aðra hagsmunaaðila.

Janúar - febrúar 2023

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags- og byggingarráðs og á fundi bæjarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að gera athugasemdir.

Febrúar - mars 2023

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.

Mars 2023

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulags- og byggingarráðs ásamt mögulegum athugasemdum og umsögnum sem borist sem borist hafa.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt af skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn.

Apríl 2023

Breyting á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að koma með athugasemdir. Geri Skipulagsstofnun ekki athugasemdir öðlast breyting á aðalskipulagi gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.



6. Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við breytingu á aðalskipulagi verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengast beint því sem snertir breytingu á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- Skipulagsstofnun. Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.
- Heilbrigðiseftirlitið
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun
- Vegagerðin
- Viðeigandi nefndir og deildir Hafnarfjarðarbæjar

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi hjá þjónustuveri Hafnarfjarðar að Strandgötu 6, hjá Umhverfis- og skipulagssvið að Norðurhellu 2 og á heimasíðu sveitarfélagsins: hafnarfjordur.is